



Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn. s: 464-4163 f. 464-4363, netf. gudrunm@mvv.is

Fundargerð. Félags- og menningarmálanefnd.

12. fundur.

Haldinn á skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6, 18. mars. 2013.
Mættir: Dagbjört Bjarnadóttir, Anna Dóra Snæbjörnsdóttir, Kristján Steingrímsson, Jóhanna Njálisdóttir, Erna Þórarinsdóttir boðaði forföll. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundarsetning.

Formaður setti fund.

2. Stefna í menningarmálum Skútustaðahrepps.

Frestað.

3. Styrkbeiðni frá Sigurði Böðvarssyni og Ásmundi Kristjánssyni vegna tónsmíða sr. Arnar Friðrikssonar.

Bréfritarar fengu þá hugmynd í tilefni 85 ára afmælis séra Arnar Friðrikssonar á s.l. ári að þakka honum fyrir það mikla starf sem hann hefur unnið í þágu tónlistar í Mývatnssveit og Þingeyjarsýslu. Séra Örn hefur á undanförunum árum samið fjölda tónverka um bæi og staði í Mývatnssveit, auk kór og einsöngslaga sem mörg hafa verið flutt í Þingeyjarsýslu við ýmis tækifæri. Hugmynd þeirra félaga er að fá séra Örn til að leika öll sín píanóverk á geisladisk svo þau varðveitist í hans flutningi og túlkun. Því er óskað eftir styrk frá sveitarfélaginu til að fjármagna upptökur í stúdíói. Áætlaður kostnaður við upptökuna er 350-400 þúsund kr. Ef vel tekst til verður ráðist í útgáfu geisladisks.

Nefndin leggur til við sveitarstjórn að taka jákvætt í erindið, þá telur nefndin ekki síður mikilvægt að skrá sögu og tilurð tónverkanna.

4. Styrkbeiðni frá Söngfélaginu Sálubót.

Með tölvupósti óskar Friðrik Jakobsson f.h. Söngfélagsins Sálubótar eftir stuðningi sveitarfélagsins við páskatónleika Sálubótar 30. mars. n.k. í tilefni 20 ára afmælis kórsins.

Nefndin leggur til við sveitarstjórn að samþykkja styrk, kr. 15.000,-

5. Styrkbeiðni frá Kór Menntaskólans við Hamrahlíð.

Með bréfi óskar Örnólfur J. Ólafsson eftir fjárstuðningi frá sveitarfélaginu við fyrirhugaða tónleika Kórs Menntaskólans við Hamrahlíð, 14. apríl n.k. Áætlað er að sungin verði messa í Reykjahlíðarkirkju kl: 14:00 þar sem kórinn sæi um allan tónlistarflutning, jafnframt yrðu almennir tónleikar í Skjólbrekku kl: 20:00 um kvöldið. Þá mun kórinn syngja á tónleikum í Reykjahlíðarskóla að morgni 15. apríl. Aðgangur á tónleikana yrði ókeypis. Nefndin leggur til við sveitarstjórn að styrkja verkefnið um kr. 50.000,-

6. Önnur mál.

Engin önnur mál.

Fleira ekki rætt, fundi slitið.

Dagbjört Bjarnadóttir
Anna Dóra Snæbjörnsdóttir
Kristján Steingrímsson
Jóhanna Njálisdóttir